

Reykjavík, 27. febrúar 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016
(sameiginleg vernd vegna fjöldaflóttá og skipan Flóttamannanefndar)

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindri drögum.

Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (*UNHCR*). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (e. *inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu félagsins til 2030 og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Hér er verið að kynna drög um breytingar á lögum um útlendinga nr. 80/2016 og varða annars vegar 44. grein um sameiginlega vernd vegna fjöldaflóttá og hins vegar breytingu á 9. grein er varðar flóttamannanefnd. Rauði krossinn vísar í fyrri umsögn sína um áformin frá því í síðust viku – sjá hér <https://www.raudikrossinn.is/media/r3kb0v1o/umsogn-aform-um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-44grein-fjoldaflotta-feb-2026.pdf>

Breytingar á 44. grein

Íslenska þjóðin og stjórnvöld hafa staðið afar vel við bakið á úkraínsku þjóðinni, bæði heima fyrir og eins þeim sem hingað flúðu, og sá stuðningur ítrekaður af stjórnvöldum þegar þess var minnst í vikunni að fjögur ár eru liðin frá stríðsbyrjun. Sá yfirlýsti stuðningur rímar ekki vel við umrædd drög um taka til baka réttindi sem fólk hafði væntingar um að geta nýtt og um leið stórauka þann ófyrirsjáanleika sem fólk hefur nú þegar búið við í nokkur ár – og rakinn er nánar í fyrri umsögn okkar. Félagið vekur einnig athygli á þeim fjölda umsagna sem barst frá fólki af úkraínskum uppruna vegna áformanna, sem lýsa flestar áhyggjum af því að vera enn og aftur sett í þá stöðu að fyrirsjáanleiki í lífi þeirra er nær enginn ef þessar lagabreytingar verða að veruleika.

Í lagatextanum er heldur ekki að finna áform um framlengingu á tímabundnu verndinni ef stríðinu skyldi ekki ljúka innan þessa fimm ára tímaramma sem er í lögunum, en þyrfti umfram allt að kynna með verulega góðum fyrirvara. Eins er óvíst hve mörg gætu fengið einstaklingsbundna vernd til lengri tíma, þurfi þau eða kjósi svo vegna aðstæðna sinna, á öðrum forsendum en sameiginlega verndin veitir.

Rauði krossinn hvetur stjórnvöld til að endurskoða þessar hugmyndir að lagabreytingu og gæta mannúðar og sanngirnissjónarmiða gagnvart þeim manneskjum sem hér um ræðir.

F.h. Rauða krossins á Íslandi
Nína Helgadóttir
Sérfræðingur í málefnum farenta